






Sýn hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 30. september 2023



Sýn hf.

Suðurlandsbraut 8

108 Reykjavík

kt. 470905-1740

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjáryfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10
Viðauki:	
Ársfjórðungsyfirlit	14

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Sýn hf. er alhliða félag á sviði fjarskipta- og fjölmiðlastarfsemi. Félagið rekur marga af öflugustu fjölmiðlum landsins eins og Stöð 2, Stöð 2+, Bylgjuna, Vísi, FM957, Xið og fleiri landsþekkta miðla. Félagið veitir einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu undir vörumerkjum Vodafone á Íslandi og dótturfélagsins Endor ehf. Félagið á í fjölbættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Sýnar hf. og dótturfélags þess, Endor ehf., ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Niðurstaða fyrstu níu mánaða ársins

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 17.222 millj. kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins. Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 804 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 32.317 millj. kr. Eigið fé samstæðunnar þann 30. september 2023 nam 9.049 millj. kr. Þar af nam hlutfé 2.510 millj. kr. Eiginfjárlutfallið 30. september 2023 var 28%.

Tekjur félagsins jukust lítillega á fyrstu níu mánuðum ársins. Góður tekjuvöxtur er í auglýsingasölu og hjá dótturfélaginu Endor. Hóflægur vöxtur er í flestum öðrum reglulegum tekjustraumum. Á fyrstu níu mánuðum ársins jókst framlegð um 6,3% og hækkaði framlegðarhlutfall um 2,1 prósentustig. Rekstrarkostnaður lækkaði lítilsháttar en rekstrarhagnaður hækkaði um 385 millj. kr. á milli tímabila.

Sala á stofnneti

Þann 20. desember 2022 undirrituðu Sýn hf. og Ljósleiðarinn ehf. samning um kaup Ljósleiðarans á stofnneti Sýnar og langtíma þjónustusamning milli félaganna. Umsamið kaupverð er 3.000 millj. kr. Samningsgreiðsla verður innt af hendi í áföngum og verður fjárhæðin að fullu greidd eigi síðar en 12 mánuðum frá afhendingu hinna seldu eigna. Hinar seldu eignir eru bókfærðar á 564 millj. kr. og nemur söluhagnaður því 2.436 millj. kr.

Samhliða kaupsamningi hefur verið gerður þjónustusamningur milli félaganna til 12 ára um heildsöluaðgang og þjónustu yfir burðar- og aðgangsnét Ljósleiðarans, sem og þjónustu um internettengingar til útlanda.

Gert er ráð fyrir að viðskiptin hafi jákvæð áhrif á rekstrarkostnað Sýnar um 100 millj. kr. nettó á ári. Þá lækki árleg fjárfestingaþörf í kringum 120 millj. kr. yfir samningstímann. Viðskiptin hafa verið samþykkt af Samkeppniseftirlitinu og fór afhending fram formlega þann 4. október 2023.

Kaup á Já hf.

Félagið hafði áður náð samkomulagi um kaup á öllu hlutfé Eignarhaldsfélagsins Njálu, móðurfélags Já hf. sem rekur vefsíðuna ja.is. Kaupsamningurinn kvað á um að Já myndi selja dótturfélagið GI Rannsóknir, sem heldur utan um rekstur Gallup á Íslandi, til þriðja aðila fyrir afhendingu hins selda. Sú sala hefur nú farið fram og hafa kaup Sýn hf. á Eignarhaldsfélaginu Njálu verið samþykkt af Samkeppniseftirlitinu. Afhending fór fram þann 13. október 2023.

Starfslok forstjóra

Þann 16. október gerðu stjórn og Yngvi Halldórsson, forstjóri félagsins, samkomulag um starfslok forstjóra. Viðræður um starfslokin áttu sér stað að frumkvæði forstjóra og hefur hann látið af störfum. Páll Ásgrímsson, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs, tók tímabundið við starfi forstjóra þar til nýr forstjóri hefur verið ráðinn. Ráðningaferli er í gangi.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árslutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal um árslutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árslutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2023 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2023.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um samandreginn árslutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. nóvember 2023

Í Stjórn

Jón Skaftason, stjórnarformaður

Rannveig Eir Einarsdóttir, varaformaður

Hákon Stefánsson

Páll Gíslason

Salóme Guðmundsdóttir

Forstjóri

Páll Ásgrímsson

Fjárhagslegar lykiltölur

	2023 3F	2022 3F	2023 9M	2022 9M
Fjárhagsupplýsingar				
Heildartekjur	5.730	5.501	17.222	17.192
Rekstrarhagnaður (EBIT)	592	486	1.594	1.209
EBITDA tímabilsins	1.668	1.799	4.746	5.116
Hagnaður fyrir tekjuskatt	327	214	823	569
Hagnaður tímabilsins	321	181	804	454
Hagnaður á hlut	1,30	0,71	3,07	1,50
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum	411	266	1.656	1.006
Fjárfestingar í sýningarréttum	535	560	1.510	1.647
Frjálst fjárflæði (FCF)	371	648	696	1.931
Handbært fé frá rekstri	1.007	1.249	3.021	3.937
	30.09. 2023	30.06. 2023	31.03. 2023	31.12. 2022
Hreinar vaxtaberandi skuldir	17.940	17.899	17.546	16.226

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. september 2023

	Skýr.	2023 3F	2022 3F	2023 9M	2022 9M
Seldar vörur og þjónusta	5	5.730	5.501	17.222	17.192
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	6	(3.594)	(3.480)	(10.925)	(11.270)
Framlegð		2.136	2.021	6.298	5.922
Rekstrarkostnaður	7	(1.544)	(1.535)	(4.704)	(4.713)
Rekstrarhagnaður		592	486	1.594	1.209
Fjármunatekjur		7	56	33	86
Fjármagnsgjöld		(313)	(262)	(885)	(731)
Gengismunur		41	(66)	81	5
Hrein fjármagnsgjöld		(265)	(272)	(771)	(640)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		327	214	823	569
Tekjuskattur		(6)	(33)	(19)	(115)
Hagnaður tímabilsins		321	181	804	454
<i>Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur</i>					
Þýðingarmunur		5	10	(13)	(51)
Heildarafkoma tímabilsins		326	191	791	403
Hagnaður á hlut		1,30	0,71	3,07	1,50

Skýringar á bls. 10-13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Efnahagsreikningur

30. september 2023

	Skýr.	30.9.2023	31.12.2022
Fastafjármunir			
Leigugeignir		7.991	8.620
Rekstrarfjármunir		3.013	2.866
Viðskiptavild		8.895	8.906
Aðrar óefnislegar eignir		4.645	4.389
Langtímaleigukröfur		148	157
Eignahlutir í félögum	9	185	185
Tekjuskattsinneign		140	158
Fastafjármunir samtals		25.016	25.281
Veltufjármunir			
Sýningarréttir		1.807	1.809
Birgðir		917	559
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	10	3.609	3.650
Handbært fé		404	2.063
Veltufjármunir samtals		6.737	8.081
Eignir flokkaðar til sölu	11	564	564
Eignir samtals		32.317	33.926
Eigið fé			
Hlutfé		2.510	2.668
Yfirverðsreikningur hlutfjár		629	806
Annað eigið fé		233	129
Óráðstafað eigið fé		5.677	5.866
Eigið fé		9.049	9.469
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		4.542	4.801
Leiguskuldbindingar		11.462	11.820
Langtímaskuldir samtals		16.005	16.621
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		1.288	373
Leiguskuldbindingar		1.051	1.295
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	12	4.924	6.168
Skammtímaskuldir samtals		7.265	7.836
Skuldir samtals		23.269	24.457
Eigið fé og skuldir samtals		32.317	33.926

Skýringar á bls. 10-13 eru óaðskiljanlegur hluti árs hlutareiknings félagsins.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. september 2023

		Yfirverðs- reikningur	Annað eigið fé			
	Hlutfé	hlutfjár	Þýðingar- munur	Bundinn reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samts
1.1. til 30.9.2022						
Eigið fé 1.1.2022	2.964	2.465	49	20	5.037	10.535
Hagnaður tímabilsins	-	-	-	-	454	454
Þýðingarmunur	-	-	(51)	-	-	(51)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	(51)	0	454	403
Keypt eigin bréf	(280)	(1.580)	-	-	-	(1.860)
Hagnaður hlutdeildarf. umfram arðgr.	-	-	-	32	(32)	0
Eigið fé 30.9.2022	2.684	885	(2)	52	5.459	9.078
1.1. til 30.9.2023						
Eigið fé 1.1.2023	2.668	806	50	79	5.866	9.469
Hagnaður tímabilsins	-	-	-	-	804	804
Þýðingarmunur	-	-	(13)	-	-	(13)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	(13)	0	804	791
Keypt eigin bréf	(158)	(772)	-	-	-	(930)
Greiddur arður	-	0	-	-	(281)	(281)
Lagt í lögbundinn varasjóð v. kaupa á eigin hlutum	-	595	-	-	(595)	0
Hagnaður hlutdeildarf. umfram arðgr.	-	-	-	117	(117)	0
Eigið fé 30.9.2023	2.510	629	37	196	5.677	9.049

Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs keypti félagið 15.762.322 hluti fyrir 930 millj. kr. Fyrir átti félagið 1.612.886 hluti. Þann 19. apríl, var hlutféð lækkað í samræmi við fjölda eigin hluta og eru útgefnir hlutir í félaginu 251.001.754 eftir lækkunina.

Á aðalfundi félagsins þann 17. mars var samþykkt arðgreiðsla að fjárhæð 300 millj. kr. vegna rekstrarársins 2022. Að teknu tilliti til eigin bréfa var greiðsla að fjárhæð 281 millj. kr. innt af hendi þann 5. apríl.

Skýringar á bls. 10-13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 30. september 2023

	Skýr.	2023 3F	2022 3F	2023 9M	2022 9M
Hagnaður tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi		321	181	804	454
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Söluþap		0	0	0	(2)
Afskriftir	8	1.075	1.313	3.152	3.907
Hrein fjármagnsgjöld		265	272	771	640
Tekjuskattur		6	33	19	115
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		1.668	1.799	4.746	5.114
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, lækkun (hækkun)		110	(15)	(212)	(237)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(485)	(86)	104	1.807
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		23	(208)	(777)	(2.080)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt		1.316	1.490	3.861	4.604
Innborgaðar vaxtatekjur		7	14	33	44
Greidd vaxtagjöld		(315)	(255)	(874)	(711)
Handbært fé frá rekstri		1.007	1.249	3.021	3.937
Fjárfestingahreyfingar					
Keyptir eignarhlutir	9	0	(16)	0	(22)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(86)	(97)	(817)	(516)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(325)	(169)	(839)	(490)
Fjárfesting í sýningarrétti		(535)	(560)	(1.510)	(1.647)
Sala rekstrarfjármuna		0	0	0	2
Fjárfestingahreyfingar		(945)	(842)	(3.166)	(2.673)
Fjármögnunarahreyfingar					
Afborganir langtímalána		(81)	(119)	(294)	(356)
Rekstrarlán		12	0	950	(40)
Afborgun leiguskuldbindinga		(318)	(348)	(956)	(1.019)
Keypt eigin bréf		0	0	(930)	(1.860)
Greiddur arður		0	0	(281)	0
Fjármögnunarahreyfingar		(387)	(467)	(1.510)	(3.275)
Breyting á handbæru fé		(325)	(60)	(1.654)	(2.011)
Handbært fé í byrjun tímabils		729	2.252	2.063	4.214
Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga á handbært fé		(0)	3	(5)	(8)
Handbært fé í lok tímabilsins		404	2.195	404	2.195

Skýringar á bls. 10-13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

Skýringar

1. Félagið

Sýn hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta-, fjölmiðla-, og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2 Sport, Stöð 2+, Vísir, Bylgjan, FM957, X 977 og dótturfélagið Endor ehf. Félagið á í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2023 hefur að geyma árshlutareikning félagsins, dótturfélag þess, Endor ehf. og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

2. Reikningsskilin

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Samstæðuárshlutareikningur félagsins 1. janúar til 30. september 2023 hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreiknings fyrir árið 2022. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2022. Hægt er að nálgast ársreikning Sýnar hf. á heimasíðu félagsins www.syn.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

b. Mat stjórnenda á reikningsskilum

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Það er mat stjórnenda að mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda sé óverulegur.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuárshlutareikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Starfspáttayfirlit

Samstæðan skilgreinir starfspætti eftir innri upplýsingagjöf til stjórnenda og telst samstæðan í heild vera einn starfspáttur.

5. Seldar vörur og þjónusta

	2023	2022	2023	2022
Seldar vörur og þjónusta greinast þannig:	3F	3F	9M	9M
Vörusala	266	308	878	904
Seld þjónusta	5.464	5.193	16.345	16.288
Seldar vörur og þjónusta samtals	5.730	5.501	17.222	17.192

	Fjöl- miðlun	Internet	Farsími	Fastlína	Hýsingar- og rekstrar lausnir	Vörusala	Aðrar tekjur	Samtals
1.1. til 30.9.2023								
Tekjur	6.613	3.296	3.732	338	1.760	878	605	17.222
1.1. til 30.9.2022								
Tekjur	6.353	3.328	3.946	370	1.715	904	576	17.192

Skýringar, frh.:

6. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:	2023	2022	2023	2022
	3F	3F	9M	9M
Kostnaðarverð seldrar vara og þjónustu	2.212	1.961	6.706	6.597
Laun og launatengd gjöld	641	540	2.092	1.765
Eignfærð laun	(49)	(50)	(164)	(148)
Afskriftir	789	1.029	2.290	3.056
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	3.594	3.480	10.925	11.270

7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:	2023	2022	2023	2022
	3F	3F	9M	9M
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	398	394	1.211	1.169
Sölu- og markaðskostnaður	115	99	290	252
Laun og launatengd gjöld	837	831	2.712	2.665
Eignfærð laun	(91)	(73)	(372)	(224)
Afskriftir	285	284	863	850
Rekstrarkostnaður samtals	1.544	1.535	4.704	4.713

8. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:	2023	2022	2023	2022
	3F	3F	9M	9M
Afskriftir rekstrarfjármuna	201	183	578	626
Afskriftir óefnislegra eigna	174	213	528	572
Afskriftir afnotaréttar	328	351	993	946
Afskriftir sýningarréttar	372	566	1.053	1.763
Afskriftir samtals	1.075	1.313	3.152	3.907

Endursamningar við birgja hafa áhrif á afskriftir á árinu 2023 til lækkunar.

9. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:	30.9.2023	31.12.2022
Bókfært verð 1.1.	56	39
Fjárfesting á árinu	0	17
Bókfært verð eignarhluta í hlutdeildarfélögum samtals	56	56
Eignarhlutir í öðrum félögum	129	129
Bókfært verð eignarhluta í félögum samtals	185	185

Skýringar, frh.:

10. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	30.9.2023	31.12.2022
Viðskiptakröfur	3.261	3.314
Aðrar skammtímakröfur	381	401
Leigukröfur	25	24
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(57)	(89)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	3.609	3.650

11. Sala á burðarneti

Þann 20. desember 2022 undirrituðu Sýn hf. og Ljósleiðarinn ehf. samning um kaup Ljósleiðarans á stofnneti Sýnar og langtíma þjónustusamning milli félaganna. Umsamið kaupverð er 3.000 millj. kr. Samningsgreiðsla verður innt af hendi í áföngum og verður fjárhæðin að fullu greidd eigi síðar en 12 mánuðum frá afhendingu hinna seldu eigna. Hinar seldu eignir eru bókfærðar á 564 millj. kr. og nemur söluhagnaður því 2.436 millj. kr.

Samhliða kaupsamningi hefur verið gerður þjónustusamningur milli félaganna til 12 ára um heildsöluaðgang og þjónustu yfir burðar- og aðgangsnét Ljósleiðarans, sem og þjónustu um internettingingar til útlanda.

Gert er ráð fyrir að viðskiptin hafi jákvæð áhrif á rekstrarkostnað Sýnar um 100 millj. kr. nettó á ári. Þá lækki árleg fjárfestingaþörf í kringum 120 millj. kr. yfir samningstímann. Viðskiptin hafa verið samþykkt af Samkeppniseftirlitinu og fór afhending fram formlega þann 4. október 2023.

12. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	30.9.2023	31.12.2022
Viðskiptaskuldir	3.095	4.241
Ógreiddur virðisaukaskattur	409	319
Fyrirfram innheimtar tekjur	608	560
Ógreiddur áfallinn kostnaður og aðrar skammtímaskuldir	812	1.048
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	4.924	6.168

13. Önnur mál

Sýn hf. („félagið“) á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir í íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Félagið færir skuldbindingar og/eða kröfur vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðar greiðslur og ávinning með áþreifanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið. Um málarekstur Sýnar hf. vísast einkum til ársreiknings 2022, en að neðan er greint frá helstu framvindu ágreiningsmála á núverandi reikningstímabili.

Síminn gegn Póst- og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofa), Sýn hf. og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (nú Ljósleiðarinn ehf.), og gagnsók

Í Hæstaréttarmáli nr. 50/2022 lýtur ágreiningur að ákvörðun stefndu Póst- og fjarskiptastofnunar, nú Fjarskiptastofu, nr. 10/2018 frá 3. júlí 2018. Með henni var áfrýjanda gerð 9.000.000 króna sekt vegna brots gegn 5. mgr. 45. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Í ákvörðuninni segir að brot áfrýjanda hafi staðið yfir frá 1. október 2015 þegar ólínuleg myndmiðlun sjónvarpsefnis fjölmiðlaveitu hans varð einungis möguleg með því að tengjast IPTV-kerfi hans og jafnframt aðeins yfir fjarskiptanet stefndu Milu hf. Dómar höfðu fallið í héraði og Landsrétti þar sem kröfum Símans um ógildingu ákvörðunar Fjarskiptastofu hafði verið hafnað. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu, með dómi þann 31. maí 2023, að dómur Landsréttar hefði ekki fullnægt þeim kröfum sem gera yrði til rökstuðnings í dómi fyrir niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði. Þá taldi rétturinn að meðferð málsins hefði farið úr skorðum fyrir héraðsdómi með því að í niðurstöðu dómsins hefði verið farið út fyrir þann grundvöll sem aðilar höfðu markað málinu og hún reist á málsástæðu sem aðilar hefðu ekki byggt á. Dómur Landsréttar sem og dómur héraðsdóms voru því ómerktil og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Beðið er aðalmeðferðar.

Skýringar, frh.:

13. Önnur mál, frh.:

Skaðabótakröfur gegn Símanum hf.

Í máli nr. E-5072/2022 hefur félagið gert skaðabótakröfu á hendur Símanum hf. vegna fjártjóns sem Síminn hf. hafi valdið félaginu í tengslum við brot gegn 5. mgr. 45. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011, samkeppnislögum nr. 44/2005 eða gegn tilteknum ákvæðum skilyrða satta sem Síminn hf. hafi gert við samkeppnisyfirvöld, vegna tímabilsins 2. des. 2017 til 31. des. 2019. Byggir félagið á því að brot Símans hf. hafi skilað Símanum hf. miklum ávinningi í formi aukinna fjarskiptaviðskipta og valdið félaginu samsvarandi tjóni. Háttsemi Símans hf. hafi verið saknæm og ólögmet og tjón félagsins sé sennileg afleiðing hennar. Dómkrafan í málinu byggir á matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 3. ágúst 2022, sbr. matsmál nr. M-3261/2021. Aðalkrafa félagsins er um greiðslu á 270.027.938 krónum auk vaxta og dráttarvaxta, 1. varakrafa um greiðslu á 216.022.351 krónu auk vaxta og dráttarvaxta, 2. varakrafa um greiðslu á 162.016.763 krónum auk vaxta og dráttarvaxta, og 3. varakrafa um greiðslu bóta að álitum skv. mati dómsins auk dráttarvaxta, allt eins og nánar er rakið í stefnu málsins. Þá er gerð krafa um málskostnað úr hendi Símans hf. Síminn hf. krafðist frávísunar, en þeirri kröfu var hafnað með úrskurði héraðsdóms þann 4. apríl 2023. Málið bíður því efnismeðferðar.

Engin áhrif færð í árshlutareikning

Á hverjum tíma kunna ýmis mál rekin fyrir hinum ýmsu innlendu eftirlitsaðilum. Í engu tilviki hafa verið boðaðar sektarákvarðanir eða aðrar mjög íþyngjandi aðgerðir.

Á þessum tímamarki getur félagið ekki metið framtíðarskuldbindingar eða kröfur sem leiða af niðurstöðum ofangreinds málareksturs meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöðu í mál, ásamt því að mál geta þróast í ólíkar áttir. Vegna þess hefur engin skuldbinding né krafa verið færð í árshlutareikning félagsins.

Ársfjórðungsfirlit 2023

	2023 1F	2023 2F	2023 3F	Samtals
Seldar vörur og þjónusta	5.860	5.632	5.730	17.222
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(3.791)	(3.540)	(3.594)	(10.925)
Framlegð	2.069	2.092	2.136	6.297
Rekstrarkostnaður	(1.641)	(1.518)	(1.544)	(4.704)
Rekstrarhagnaður	428	574	592	1.594
Fjármunatekjur	19	7	7	33
Fjármagnsgjöld	(275)	(297)	(313)	(885)
Gengismunur	46	(6)	41	81
Hrein fjármagnsgjöld	(210)	(296)	(265)	(771)
Tekjuskattur	(5)	(8)	(6)	(19)
Hagnaður tímabilsins	213	269	321	804
Þýðingarmunur vegna erlends dótturfélags	(17)	(1)	5	(13)
Heildarafkoma tímabilsins	196	268	326	791
EBITDA	1.497	1.583	1.668	4.746

Ársfjórðungsyfirlit 2022

	2022 1F	2022 2F	2022 3F	2022 4F	Samtals
Seldar vörur og þjónusta	5.682	6.009	5.501	5.791	22.983
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(3.666)	(4.124)	(3.480)	(3.696)	(14.966)
Framlegð	2.016	1.885	2.021	2.095	8.017
Rekstrarkostnaður	(1.615)	(1.563)	(1.535)	(1.712)	(6.425)
Rekstrarhagnaður	401	322	486	383	1.592
Fjármunatekjur	21	9	56	136	222
Fjármagnsgjöld	(221)	(248)	(262)	(267)	(998)
Gengismunur	58	13	(66)	(75)	(70)
Hrein fjármagnsgjöld	(142)	(226)	(272)	(206)	(846)
Tekjuskattur	(52)	(30)	(33)	257	142
Hagnaður (tímabilsins)	207	66	181	434	888
Þýðingarmunur vegna erlends dótturfélags	(26)	(35)	10	52	1
Heildarafkoma tímabilsins	181	31	191	486	889
EBITDA	1.710	1.607	1.799	1.528	6.644